

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/7/EBE

frá 15. mars 1993

um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 8. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að eigi síðar en 1. janúar 1993 skuli komið á innri markaði er taki til svæðis án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Samkvæmt 36. gr. sáttmálans og innan ramma hennar munu aðildarríkin, eftir 1993, halda réttinum til að skilgreina þjóðarverðmæti sín og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þau á þessu svæði án innri landamæra.

Því ætti að gera ráðstafanir sem gera aðildarríkjum kleift að tryggja að menningarminjum sem eru flokkaðar sem þjóðarverðmæti í skilningi áður nefndrar 36. gr., og hafa verið fluttar frá yfirráðasvæði þeirra í bága við fyrrnefndar innlendar ráðstafanir eða reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3911/92

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 53, 28. 2. 1992, bls. 11 og Stjtið. EB nr. C 172, 8. 7. 1992, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 176, 13. 7. 1992, bls. 129 og Stjtið. EB nr. C 72, 15. 3. 1993.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 223, 31. 8. 1992, bls. 10.

frá 9. desember 1992 um útflutning menningarverðmæta ⁽⁴⁾, verði skilað á yfirráðasvæði þeirra. Framkvæmd þessara ráðstafana ætti að vera eins einföld og skjótvirk og kostur er. Til að auðvelda samvinnu um afhendingu minja ætti að takmarka ráðstafanirnar við muni sem tilheyra sameiginlegum flokkum menningarminja. Með viðauka þessarar tilskipunar er ekki ætlunin að skilgreina hvers konar minjar teljast til „þjóðarverðmæta“ í skilningi áður nefndrar 36. gr., heldur einungis hvers konar minjar unnt er að flokka þannig og geta því fallið undir afhendingarregluna sem er sett með þessari tilskipun.

Menningarminjar sem eru flokkaðar sem þjóðarverðmæti og eru óaðskiljanlegur hluti opinberra safna eða yfirlits-skráa stofnana á vegum kirkjunnar en tilheyra ekki þessum sameiginlegu flokkum ættu einnig að falla undir þessa tilskipun.

Aðildarríkin ættu að koma á samvinnu stjórnvalda um þjóðarverðmæti sín í nánnum tengslum við samvinnu að því er varðar stolin listaverk, og ætti samvinnan einkum að beinast að skráningu hjá Interpol og öðrum hæfum aðilum sem gefa út svipaðar skrár yfir týndar og stolnar menningarminjar eða menningarminjar sem hafa verið fluttar burt ólöglega, sem eru hluti af þjóðarverðmætum og opinberum söfnum.

Málsmeðferðin sem er samþykkt með þessari tilskipun er fyrsta skrefið í átt að samvinnu aðildarríkja á þessu sviði innan ramma hins innri markaðar. Stefnt er að gagnkvæmri viðurkenningu innlendra laga á þessu sviði. Þess vegna ætti m.a. að setja ákvæði um að framkvæmdastjórnin njóti aðstoðar ráðgjafarnefndar.

Með reglugerð (EBE) nr. 3911/92, og þessari tilskipun, er tekið upp kerfi í bandalaginu til að vernda menningarverðmæti aðildarríkja. Gildistaka þessarar tilskipunar í aðildar-

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 31. 12. 1992, bls. 1.

ríkjunum skal vera eins nálægt gildistökuþegi reglugerðarinnar og unnt er. Sum aðildarríki þurfa lengri aðlögunartíma vegna þess hvernig réttarkerfi þeirra er skipulagt og umfangs þeirra breytinga sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í tilskipun þessari gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Menningarminjar“ eru minjar sem:

— eru flokkaðar, áður eða eftir að þær hafa verið fluttir ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, sem „þjóðarverðmæti er hefur listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi“ samkvæmt innlendra löggjöf eða reglum í skilningi 36. gr. sáttmálans,

og

— tilheyra einum flokkanna sem eru skráðir í viðaukanum eða tilheyra ekki einum þeirra flokka en eru óaðskiljanlegur hluti af:

— almenningssöfnum sem eru skráð í yfirlitsskrá safna, skjalasafna eða bókasafna.

Í þessari tilskipun merkir „almenningsöfn“ söfn í eigu aðildarríkis, héraðs- eða sveitarstjórna í aðildarríki, eða stofnun sem er á yfirráðasvæði aðildarríkis og er skilgreind sem opinber stofnun í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis, ef hún er í eigu eða nýtur verulegs fjárstyrks þess aðildarríkis eða héraðs- eða sveitarstjórnar,

— yfirlitsskrám stofnana á vegum kirkjunnar.

2. „Flutt ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis“ merkir:

— hefur verið flutt frá yfirráðasvæði aðildarríkis í bága við reglur þess um verndun þjóðarverðmæta eða í bága við reglugerð (EBE) nr. 3911/92 eða

— hefur ekki verið skilað þegar leyfilegur lánstími er útrunninn eða brot á öðrum skilyrðum fyrir slíku tíma-bundnu láni.

3. „Aðildarríki sem leggur fram beiðni“ er aðildarríki sem menningarminjar hafa verið fluttar frá ólöglega.

4. „Aðildarríki sem fær beiðni“ er aðildarríki þar sem menningarminjar sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis eru niðurkomnar.

5. „Skila“ merkir að skila menningarminjum til yfirráðasvæðis aðildarríkis sem leggur fram beiðni.

6. „Eigandi“ er einstaklingur sem hefur menningarminjar í sinni vörslu fyrir eigin hönd.

7. „Handhafi“ er einstaklingur sem hefur menningarminjar í sinni vörslu fyrir hönd þriðja aðila.

2. gr.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis skal skilað í samræmi við þær reglur og aðstæður sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. gr.

Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri aðalyfirvöld til að annast framkvæmd þeirra verkefna sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll aðalyfirvöld sem þau tilnefna samkvæmt þessari grein.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir þessi aðalyfirvöld og allar breytingar varðandi þau í C-flokki *Stjórnartíðinda EB*.

4. gr.

Aðalyfirvöld aðildarríkja skulu hafa samvinnu sín á milli og koma á samráði meðal lögbærra innlendra yfirvalda aðildarríkja. Síðarnefndu yfirvöldin skulu einkum hafa umsjón með eftirtöldum verkefnum:

1. að leita, samkvæmt tilmælum aðildarríkis sem leggur fram beiðni, að sérstökum menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þess og bera kennsl á eiganda og/eða handhafa þeirra. Í beiðninni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar sem geta auðveldað leitina, einkum með tilliti til þess hvar minjarnar eru eða hvar talið er að þær séu niðurkomnar;

2. að tilkynna viðkomandi aðildarríkjum að menningarminjar hafi fundist á yfirráðasvæði þeirra og full ástæða sé til að ætla að þær hafi verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis;

3. að gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkis sem leggur fram beiðni kleift að færa sönnur á að viðkomandi minjar séu menningarminjar, að því tilskildu að slíkt sé sannað innan tveggja mánaða frá tilkynningunni sem kveðið er á um í 2. mgr. Ef þetta er ekki sannað innan tilskilins tíma falla 4. og 5. mgr. úr gildi;

4. að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samvinnu við viðkomandi aðildarríki, um eiginlega varðveislu menningarminjanna;

5. að koma í veg fyrir, með nauðsynlegum bráðabirgðaráðstöfunum, að unnt sé að komast hjá því að skila minjum;

6. að koma fram sem milliliður, í sambandi við afhendingu, milli eiganda og/eða handhafa og aðildarríkis sem leggur fram beiðni. Í þessu skyni mega lögbær yfirvöld aðildarríkis sem fær beiðni, með fyrirvara um 5. gr., greiða fyrir framkvæmd gerðardómsmeðferðar, í samræmi við innlenda löggjöf aðildarríkis sem fær beiðni og að því tilskildu að aðildarríki sem leggur fram beiðni og eigandi eða handhafi veiti formlegt samþykki sitt.

5. gr.

Aðildarríki sem leggur fram beiðni getur hafið málssókn gegn eiganda, eða að öðrum kosti handhafa, fyrir þar til bær- um dómstóli í aðildarríki sem fær beiðni, í því augnamiði að tryggja að menningarminjum sem hafa verið fluttar ólög- lega frá yfirráðasvæði þess verði skilað.

Málssókn má einungis hefja ef samtímis er lagt fram:

- skjal þar sem lýst er þeim minjum sem beiðnin tekur til og því er lýst yfir að um menningarminjar sé að ræða,
- yfirlýsing frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríki sem leggur fram beiðni um að menningarminjarnar hafi verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þess.

6. gr.

Aðalyfirvöld aðildarríkis sem leggur fram beiðni skulu þegar í stað tilkynna aðalyfirvöldum aðildarríkis sem fær beiðni að hafin sé málssókn í því skyni að tryggja að umræddum menningarminjum verði skilað.

Aðalyfirvöld aðildarríkis sem fær beiðni skulu þegar í stað láta aðalyfirvöld hinna aðildarríkjanna vita.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu leiða í lög hjá sér að ekki megi hefja málssókn sem kveðið er á um í þessari tilskipun hvað varðar afhendingu minja þegar meira en ár er liðið frá því að aðildarríki sem leggur fram beiðni fékk vitneskju um hvar menningarminjarnar væru niðurkomnar og staðfestingu á hver væri eigandi eða handhafi þeirra.

Þó má aldrei hefja slíka málssókn þegar meira en 30 ár eru liðin frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis sem leggur fram beiðni. Þegar um er að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum, sbr. 1. mgr. 1. gr., og kirkjulegar minjar í aðildarríkjum þar sem þær heyra undir sérstakar verndarráðstafanir samkvæmt innlendum lögum, skal tímabilið þó lengt í 75 ár, nema í aðildarríkjum þar sem málssókn er ekki háð skilyrðum um tímamörk eða um er að ræða tvíhliða samninga milli aðildarríkja þar sem lengri tími en 75 ár er ákveðinn.

2. Ekki má sækja mál um afhendingu minja ef ekki er lengur ólöglegt að flytja þær burt á þeim tíma sem hefja á málssóknina.

8. gr.

Með fyrirvara um 7. og 13. gr. skal þar til bær dómstóll úrskurða að menningarminjum skuli skilað, ef í ljós kemur að um er að ræða menningarminjar í skilningi 1. mgr. 1. gr. sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis.

9. gr.

Ef úrskurðað er að menningarminjum skuli skilað skal þar til bær dómstóll í aðildarríkjum sem fá beiðni úthluta eiganda bætur eftir því sem sanngjarnt þykir í samræmi við málsvik, að því tilskildu að gengið sé úr skugga um að eigandinn hafi sýnt tilhlýðilega aðgætni þegar hann aflaði minjanna.

Sönnunarbyrðin skal ákvörðuð samkvæmt löggjöf aðildarríkis sem fær beiðni.

Þegar um er að ræða gjöf eða arf skal eigandinn ekki hafa betri réttarstöðu en fyrri handhafi minjanna hafði.

Aðildarríki sem leggur fram beiðni skal greiða bæturnar þegar minjunum er skilað.

10. gr.

Aðildarríki sem leggur fram beiðni skal bera kostnað sem stofnað er til við að framkvæma ákvörðun um að menningarminjum skuli skilað. Hið sama gildir um kostnað við þær ráðstafanir sem getið er um í 4. mgr. 4. gr.

11. gr.

Greiðsla sanngjarnra bóta og kostnaðar eins og um getur í 9. og 10. gr. skal vera með fyrirvara um rétt aðildarríkis sem leggur fram beiðni til að krefjast endurgreiðslu þessara fjárhæða frá einstaklingum sem eru ábyrgir fyrir að hafa flutt menningarminjar ólöglega frá yfirráðasvæði þess.

12. gr.

Eignarrétt menningarminja eftir að þeim hefur verið skilað skal ákvarða samkvæmt löggjöf aðildarríkis sem leggur fram beiðni.

13. gr.

Þessi tilskipun gildir einungis um menningarminjar sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis frá og með 1. janúar 1993.

14. gr.

1. Hvert aðildarríki getur látið þá kvöð að skila menningarminjum ná til annarra flokka af minjum en skráðir eru í viðaukanum.

2. Hvert aðildarríki getur beitt ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun til að krefjast þess að menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði annarra aðildarríkja verði skilað fyrir 1. janúar 1993.

15. gr.

Þessi tilskipun er með fyrirvara um rétt aðildarríkis sem leggur fram beiðni og/eða eiganda stolinna menningarminja til að höfða einkamál eða sakamál, samkvæmt innlendum lögum aðildarríkja.

16. gr.

1. Þriðja hvert ár, og í fyrsta skipti í febrúar 1996, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar.
2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu þriðja hvert ár um endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar.
3. Ráðið endurskoðar hagkvæmni þessarar tilskipunar þegar henni hefur verið beitt í þrjú ár og getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, aðlagð hana eins og nauðsynlegt er.
4. Í öllum tilvikum skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, athuga á þriggja ára fresti og breyta, eftir því sem við á, tilgreindum fjárhæðum í viðaukanum, á grundvelli efnahagslegra og peningalegra mælikvarða í bandalaginu.

17. gr.

Framkvæmdastjórnin nýtur aðstoðar nefndar sem komið var á fót með 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3911/92.

Nefndin rannsakar öll vafaatriði sem koma upp við beitingu viðauka þessarar tilskipunar, sem formaðurinn getur lagt fram annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

18. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan níu mánaða frá því að hún er samþykkt, nema að því er varðar Konungsríkið Belgíu, Sambandslýðveldið Þýskaland og Konungsríkið Holland sem verða að fara að þessari tilskipun í síðasta lagi tólf mánuðum frá þeim degi sem hún var samþykkt. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi lög og stjórn-sýslufyrirmæli skulu þau fela í sér tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin setja nákvæmari reglur um slíka tilvísun.

19. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. mars 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

M. JELVED

forseti.

VIDAUKI

Flokkar sem getið er um í öðrum undirlíð 1. mgr. 1. gr. sem minjar, skilgreindar sem „þjóðarverðmæti“ í skilningi 36. gr. sáttmálans, verða að tilheyra til að unnt sé að skila þeim samkvæmt þessari tilskipun

- A. 1. Formminjar eldri en 100 ára sem
- finnast við uppgröft og fornleifafundi á landi eða neðansjávar,
 - koma frá stöðum þar sem formminjar hafa fundist,
 - eru á fornminjasöfnum .
2. Hlutar sem eru óaðskiljanlegur hluti listrænna, sögulegra eða trúarlegra minnisvarða sem hafa verið teknir í sundur og eru eldri en 100 ára.
3. Myndir og málverk gert í höndum að öllu leyti, hver sem uppistaða og efni þeirra er ⁽¹⁾.
4. Mósaíkverk sem ekki tilheyra flokki 1 eða 2 og teikningar gerðar í höndum að öllu leyti, hver sem uppistaða og efni þeirra er ⁽¹⁾.
5. Frumverk af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda ⁽¹⁾.
6. Frumverk af höggmyndum eða myndastyttum og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumverkið ⁽¹⁾ og tilheyra ekki flokki 1.
7. Ljósmyndir, ljósmyndaflímur og framkallaðar flímur af þeim ⁽¹⁾.
8. Bækur prentaðar fyrir 1500 og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn.
9. Bækur eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hlutar þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. a) Dýrafræðileg, grasfræðileg, bergfræðileg eða líffærafræðileg söfn ⁽²⁾ og safneintök;
- b) Söfn ⁽²⁾ sem hafa gildi fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki eldri en 75 ára.
14. Allar aðrar formminjar sem ekki tilheyra flokkum A 1 til A 13, eldri en 50 ára.

Menningarminjar í flokkum A 1 til A 14 heyra undir þessa tilskipun ef gildi þeirra er sambærilegt eða hærra en viðmiðunarmörk samkvæmt B-lið.

B. Fjárhagsleg viðmiðunarmörk fyrir tiltekna flokka í A-lið (í ECU)

GILDI: 0 (núll)

- 1 (formminjar)
- 2 (hlutar minnisvarða sem hafa verið teknir í sundur)
- 8 (bækur prentaðar fyrir 1500 og handrit)
- 11 (skjalasöfn)

15 000

- 4 (mósaíkverk og teikningar)
- 5 (stunguverk)
- 7 (ljósmyndir)
- 10 (prentuð landabréf)

⁽¹⁾ Verk sem eru eldri en 50 ára og eru ekki í eigu höfunda verkanna.

⁽²⁾ Samkvæmt skilgreiningu dómstólsins í máli 252/84, sem hér segir:

Með „safnmunum“ sem falla undir tollskrárnúmer 99.05 í sameiginlegu tollskránni er átt við muni sem uppfylla skilyrði um upptöku í safn, þ.e. tiltölulega sjaldgæfa muni, sem eru yfirleitt ekki notaðir í upphaflegum tilgangi, sem aðrir viðskiptahættir gilda um en yfirleitt gilda um svipaða vöru og sem eru afar verðmætir.

50 000

- 6 (höggmyndir)
- 9 (bækur)
- 12 (söfn)
- 13 (samgöngutæki)
- 14 (allar aðrar minjar)

150 000

- 3 (myndir)

Mat á því hvort skilyrði um fjárhagsleg viðmiðunarmörk eru uppfyllt skal framkvæmt þegar þess er krafist að minjum verði skilað. Fjárhagslegt gildi er það sama og verðgildi minjanna í aðildarríkinu sem fær beiðnina. Dagurinn þegar umreikna á gildin sem eru í ECU (evrópsku mynteiningunni) í viðaukanum í innlendan gjaldmiðil er 1. janúar 1993.

Upplýsingar um gildistöku reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3911/92 frá 9. desember 1992 um útflutning menningarverðmæta ⁽¹⁾

Tilvísun til tilskipunar ráðsins um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, í 2. mgr. 2. gr., 6. og 11. gr. áðurnefndrar reglugerðar, verði svohljóðandi: 93/7/EBE ⁽²⁾.

Í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3911/92 er kveðið á um gildistöku á þriðja degi frá birtingu tilskipunar 93/7/EBE í *Stjórnartíðindum EB*

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 31. 12. 1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 74, 27. 3. 1993, bls. 74.